

Alþingi
Erindi nr. P 126/1662
komudagur 28.3.2001

Til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.

Ekki hefur verið fjallað um sölu á hlutabréfum í Búnaðarbanka og Landsbanka innan Neytendasamtakanna. Neytendasamtökin telja þó mikilvægt að tryggt verði við söluna að ekki verði um eignartengsl að ræða í þessum tveimur bönkum. Þetta er ekki síst til að tryggja sem mesta samkeppni á þessum fákeppnismarkaði.

Ég tel ekki ástæðu til að mæta á fund nefndarinnar þar sem ég hef ekki fleiri sjónarmið í þessu máli. Ef nefndin telur nauðsynlegt, mun ég að sjálfsögðu mæta.

Virðingarfyllt
f.h. Neytendasamtakanna
Jóhannes Gunnarsson formaður